

GJALDSKRÁ

fyrir veitta þjónustu á rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins.

1. gr.

Gjöld fyrir veitta þjónustu vegna gerlarannsókna fyrir heilbrigðiseftirlit á vegum sveitarfélaganna er kr. 350,00 fyrir hvert sýni.

2. gr.

Gjöld fyrir aðra þjónstu skulu vera í samræmi við hliðstæðar gjaldskrár annarra opinberra rannsóknastofnana.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er skv. 4. gr. laga nr. 92/1984, um breytingu á lögum nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. desember 1984.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

Nr. 490

REGLUGERÐ

3. september 1984

um öldungadeildir við mennta- og fjölbrautaskóla.

1. gr.

Stofnun og rekstur öldungaeilda.

Menntamálaráðuneytið getur heimilað rekstur öldungaeilda við menntaskóla eða fjölbrautaskóla ef skilyrðum um nemendafjölda og aðstöðu til kennslunnar er fullnægt að mati ráðuneytisins.

2. gr.

Nemendur öldungaeilda.

Öldungaeild er skipulagt námskeiðahald eða/og kvöldskóli fyrir þá sem komnir eru af venjulegum skólaaldri og hentar ekki að sækja reglulega kennslu skólans, en æskja að ljúka námi hliðstæðu því sem í boði er á námsbrautum hans.

Nemendur skulu vera orðnir 21 árs. Ekki er gert ráð fyrir sérstakri undirbúningsmenntun þeirra en heimilt er að meta fyrra nám sem hluta af námi í öldungaeild.

3. gr.

Námskröfur og kennsla.

Geða skal sömu námskröfur til nemenda í öldungaeild og annarra nemenda skólans. Fjöldi kennslustunda í hverjum námsáfangi skal vera u. þ. b. helmingur þess, sem annars er í skólanum.

Nemendur skulu skráðir á ákveðna námsbraut og skulu þeir leggja stund á a. m. k. 9 eininga nám á önn. Á fyrstu önn skulu a. m. k. 6 einingar vera nám í kjarnagreinum ef námsframboð leyfir. Þó er heimilt að taka inn nemendur sem þurfa að ljúka námi í tilteknum áföngum til þess að öðlast réttindi til framhaldsnáms eða til starfa.

4. gr.

Deildarstjórn.

Allar námsgreinar sem kenndar eru við öldungadeild viðkomandi skóla skulu heyra undir deildarstjóra eða/og sviðsstjóra eftir því sem við á í þeim skóla. Miðað skal við að sömu kennarar annist deildarstjórn í dagskóla og öldungadeild. Geti enginn deildarstjóri í greininni við dagskólann tekið að sér deildarstjórn við öldungadeildina skal leitað til annarra kennara. Fyrst skal þá leitað til þeirra sem kenna viðkomandi grein bæði við dagskólann og öldungadeildina.

5. gr.

Skipting kennslu.

Við skiptingu kennslu skal sem mest við það miðað að kennarar við öldungadeild kenni einnig, eða um sömu mundir, hliðstætt námsefni við dagskólann.

6. gr.

Umfang og skípan heimaverkefna.

Færri kennslustundir má m. a. vega upp með því að skipuleggja heimaverkefni sem nemendur leysa og kennari fer síðan yfir og skilar aftur með greinargóðum athugasemdum. Deildarstjóri hverrar greinar skal í upphafi annar sjá um skipulagningu allra heimaverkefna á önninni. Skipulag þetta skal liggja fyrir þegar kennsla hefst.

Heildarumfang heimaverkefna í öldungadeild skal að jafnaði ekki vera meira en 50% umfram það sem gerist í dagskóla.

7. gr.

Um skólasókn og námshraða.

Skólasóknarreglur dagskóla taka ekki til öldungaeilda. Nemendur ráða sjálfir námshraða sínum. Þó skal við það miðað að námstími þeirra verði að jafnaði ekki lengri en 7 skólaár.

8. gr.

Námslok.

Brautskráning lokaprófsnemenda úr öldungaeildum fer fram á sama tíma og úr dagskóla. Kjósi nemandi í öldungadeild að hætta námi áður en komið er að lokaprófi þá á hann rétt á skírteini frá skólanum er sýni hve langt námi hans var komið.

9. gr.

Um námsráðgjöf o. fl.

Nemendur öldungaeildar skulu njóta námsráðgjafar og almennrar þjónustu skólans.

10. gr.

Námskeiðsgjöld.

Námskeiðsgjöld skulu vera þau sömu fyrir allar námsbrautir og óháð þeim fjölda námsáfanga sem nemandinn leggur stund á.

Gjöldin skulu innheimt við skráningu sem skal að jafnaði lokið 1 mánuði fyrir upphaf námsannar. Heimilt er að endurgreiða námskeiðsgjöld ef það mikil breyting verður á högum nemanda að hann geti ekki hafið námið.

Menntamálaráðuneytið ákveður upphæð námskeiðsgjalda með hliðsjón af kennsluáætlanum og skulu þau vera hin sömu á öllu landinu.

11. gr.

Starfstími.

Starfstími öldungaeilda skal vera sá sami og starfstími dagskóla.

12. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 82/1984 um breyting á lögum nr. 12/1970 um menntaskóla og lögum nr. 85/1984 um breyting á lögum nr. 14/1973, sbr. lög nr. 21/1977, um heimild til að stofna fjölbrautaskóla og tekur gildi frá og með skólaárinu 1984—1985.

Menntamálaráðuneytið, 3. september 1984.

Ragnhildur Helgadóttir.

Knútur Hallsson.

Nr. 491

27. desember 1984

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða.

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 og 10. gr. laga nr. 66 31. maí 1976, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, frá og með 1. janúar 1985:

Gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 118 22. febrúar 1984 (smásala) og nr. 194 24. apríl 1984 (heildsala).

Orkugjöld (Taxtar A4, A5, C1, C2, D1 og D2) hækki um	17,0%
Fastagjöld hækki um	18,2%
Aðrir liðir hækki um	21,98%
Heimtaugagjöld hækki um	19,45%
Lokunar- og enduropnunargjald hækki úr kr. 710,00 í kr. 850,00.	
Innheimtugjald vegna vanskila (nýtt gjald) verði kr. 425,00.	
Gjaldskrá heildsölu hækki um	14,0%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 685 5. september 1983.

Liðir A1, A2, og A3 hækki um	19,9%
Liðir A4, C1, C2, D1 og D2 hækki um	17,0%
Liður A5 hækki um	17,9%
Liður B1 hækki um	10,0%
Lokunargjöld hækki um	19,2%
Heimtaugagjöld hækki um	17,0%

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 660 5. september 1983.

Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um	17,0%
--	-------

Iðnaðarráðuneytið, 27. desember 1984.

F. h. r.
Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.